

Kaupfélag Svalbarðseyrar

Afhending 1021/6

Kaupfélag Svalbarðseyrar (KSP) var stofnað árið 1889 og byggði þar sína fyrstu vörugeymslu árið 1890.

Starfsemi KSP náði yfir Svalbarðsstrandarhrepp, Grýtubakkahrepp, Hálsahrepp, suðurhluta Ljósavatnshrepps, Bárðdælahrepp og Reykdælahrepp vestan Fljótshéiðar.

Aðalverslun KSP var á Svalbarðseyri en einnig rak hún útibú á Lómatjörn, við Fnjóskárbrú og hjá Fosshóli.

Á Svalbarðseyri rak KSP sláturhús, hafði kartöflugeymslu og stóð fyrir smíði nokkurra bygginga á Svalbarðseyri í gegnum tíðina t.d. íbúðarhúss fyrir þáverandi kaupfélagsstjóra, verslunarhúss, fóðurgeymslu og fleiri geymsluhúsnæði af ýmsum toga. Kaupfélagið var stærsti vinnuveitandi Svalbarðsstrandarhrepps um tíma.

Sá háttur var hafður á að þeir félagsmenn KSP sem seldu mjólk sendu hana til mjólkursamlags KEA og mjólkursamlags Kaupfélags Þingeyinga á Húsavík og voru því samtímis félagsmenn þeirra kaupfélaga. Einnig rann verslunarsvæði KEA og KSP saman að hluta því að KEA hafði útibú og sláturhús á Grenivík.

12. ágúst 1987 var haldið lokauppbóð á eignum þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar en þá var m.a. boðið upp frystihús, kartöfluverksmiðja, verslunarhúsnæði, reykhus og jörðin Svalbarðseyri.

Áður hafa safninu borist afhendingar nr. 161 og 2008/61 með skjölum frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
27. september 2021

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

1021 / 6

A-Kaupfélag Svalbarðseyrar

A-Kaupfélag Svalbarðseyrar

1970 - 1990

A	1	1	1970 - 1982	Efnahags- og rekstrarreikningar Kaupfélags Svalbarðseyrar, Bústólpa og Fóðurvörudeildar KEA og KS
A	1	2	1983 - 1983	Lausleg hagkvæmnisathugun á sjálfstæðri dreifingarstöð
A	1	3	1982 - 1982	Hagræðing í KSP, minnisatriði v/sparnaðaraðgerða
A	1	4	1983 - 1983	Samandregnar niðurstöður úr Spurningavagninum
A	1	5	1982 - 1985	Markaðs- og sölumál v/franskra kartafna, tölfræði og áætlun
A	1	6	1979 - 1979	Vettvangskönnun
A	1	7	1981 - 1981	Leiðbeiningar með gufukatli
A	1	8	1979 - 1990	Hlutabréf KS í Samvinnubankanum
A	1	9	1977 - 1977	Fylgiskjöl